

Alþingi

Brindi nr. 2117/1252

komudagur 7/12 1993

DEC 1993 16:00 DOMSMÁLARADUNEYTI 354 1 27340

P.2/12



STJÓRNARRÁÐ

ORÐSENDING

Sendandi

Dagsetning

Titill

Ólafur W. Stefánsson

6. 12. 1993

Viðtakandi

Meðfylgjandi sendist yður

Elin Blöndal nefndaritari
Allsherjarnefnd Alþingis

- | | | |
|---|---|---|
| <input checked="" type="checkbox"/> til fróðleiks | <input type="checkbox"/> til samþykktar | <input type="checkbox"/> skv. umtali |
| <input type="checkbox"/> til umsagnar | <input type="checkbox"/> til áreitanar | <input type="checkbox"/> skv. útl. yðar |
| <input type="checkbox"/> til ákvæðunar | <input type="checkbox"/> til sigreiðslu | <input type="checkbox"/> með þökk fyrir lánið |

Vinsamlegast

- | |
|---|
| <input type="checkbox"/> sendið áfram til |
| <input type="checkbox"/> endursendið |
| <input type="checkbox"/> guymið hjá yður |

Póstsendist

Boðsendist

Málafni

Frumvarp varðandi réttarfar o.fl. v/EES

Ég hef vakið máls á því að í frv. til laga um breyt. á ýmsum lögum sem varða réttarfar o.fl. v/EES (103. mál) séu ákvæði sem ekki samrýmist væntanlegum EES reglum.

Hef ég útbúið nauðsynlegar breytingartillögur af þessu tilefni. Fylgja þær hér með, og með fylgja einnig blöð sem sýna hvernig textinn lítur út að breytingum samþykktum.

OWB

Breytingartillögur XXX

1. Við 1. gr. Við 1. tölul. bætist: Ríkisborgarar í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins skulu þó vera undanþegnir skilyrði um lögheimili, skv. nánari reglum sem ráðherra setur.
2. Við 8. gr. Við greinina bætist nýr töluliður, sem verði 3. tölul., svohljóðandi:
 3. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Ríkisborgarar í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og lögaðilar með heimili í sömu ríkjum skulu vera undanþegnir skilyrði um heimili, skv. nánari reglum sem ráðherra setur.
3. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
Á 11. gr. laganna verði svofelldar breytingar:
 1. Orðin "íslenskum ríkisborgara eða ópersónulegum aðilja" falli brott, en í stað þeirra kemur: manni eða ópersónulegum aðila, sem á heimili hér á landi.
 2. Við greinina bætist: Ríkisborgarar í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og ópersónulegir aðilar með heimili í sömu ríkjum skulu og hafa þann rétt, skv. nánari reglum sem ráðherra setur.
4. Við 24. gr. Á eftir 1. tölul. komi nýr töluliður, svohljóðandi:
 2. Við 2. tölul. bætist: Ríkisborgarar í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins skulu þó vera undanþegnir skilyrði þessu, skv. nánari reglum sem ráðherra setur.

Lög um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns.

2. gr., síðast breytt með lögum nr. 23/1991.

Þessi eru skilyrði þau, er getur í 1. gr.:

1. Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjótjóns skal hafa íslenskan ríkisborgararétt, fasta búsetu hér í landinu, vera fullra 25 ára, fjár síns ráðandi. Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfelldt í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.
2. Hann skal hafa tekið embættispróf í lögum við Háskóla Íslands.
3. Hann skal hafa aflað sér fræðilegrar sérþekkingar á sjórétti ... o.s.frv.
4. Hann skal leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi starfað að niðurjöfnun ... o.s.frv.
5. Hann má ekki reka atvinnu, er ráðherra telur ósamrýmanlega ... o.s.frv.

Heimilt er að synja manni um löggildinguna, ef 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Lög um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns.**2. gr. að viðbættum breyt. skv. frv.**

Þessi eru skilyrði þau, er getur í 1. gr.:

1. Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjótjóns skal hafa lögheimili hér á landi, vera lögráða og fullra 25 ára og hafa forræði á búi sínu.
2. Hann skal hafa tekið embættispróf í lögum við Háskóla Íslands eða sambærilegt próf við annan háskóla.
3. Hann skal hafa aflað sér fræðilegrar sérþekkingar á sjórétti ... o.s.frv.
4. Hann skal leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi starfað að niðurjöfnun ... o.s.frv.
5. Hann má ekki reka atvinnu, er ráðherra telur ósamrýmanlega ... o.s.frv.

Heimilt er að synja manni um löggildingu, ef 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Ákvæði 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr. gilda ekki um mann, sem fengið hefur löggildingu eða aðra opinbera heimild til að annast niðurjöfnun sjótjóns í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Lög um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns.**2. gr. að viðbattum breyt. skv. frv. og með brtt. XXX.**

Þessi eru skilyrði þau, er getur í 1. gr.:

1. Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjótjóns skal hafa lögheimili hér á landi, vera lögráða og fullra 25 ára og hafa forræði á búi sínu. Ríkisborgarar í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins skulu þó vera undanþegnir skilyrði um lögheimili, skv. nánari reglum sem ráðherra setur.
2. Hann skal hafa tekið embattispróf í lögum við Háskóla Íslands eða sambærilegt próf við annan háskóla.
3. Hann skal hafa aflað sér fræðilegrar sérþekkingar á sjórétti ... o.s.frv.
4. Hann skal leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi starfað að niðurjöfnun ... o.s.frv.
5. Hann má ekki reka atvinnu, er ráðherra telur ósamrýmanlega ... o.s.frv.

Heimilt er að synja manni um löggildinguna, ef 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Ákvæði 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr. gilda ekki um mann, sem fengið hefur löggildinguna eða aðra opinbera heimild til að annast niðurjöfnun sjótjóns í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Lög um prentrétt.

10. gr.

Útgefandi blaðs eða tímarits skal vera íslenskur ríkisborgari, lögráða og heimilisfastur hér á landi, eða íslenskur ópersónulegur aðili.

Ritstjóri blaðs eða tímarits skal vera íslenskur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi og lögráða.

Ef ópersónulegur aðili er einn útgefandi blaðs eða tímarits, skal ráðinn ritstjóri, er fullnægi skilyrðum 2. málsg.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varðar sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

IV. kafli. Dreifing rita.

11. gr.

Hverjum íslenskum ríkisborgara eða ópersónulegum aðilja er rétt sjálfum eða með aðstoð annarra að annast sölu eða dreifingu rits með öðrum hætti.

Lög um prentrétt.

10. gr. að viðbættum breyt. skv. frv.

Útgefandi blaðs eða tímarits, sem er gefið út hér á landi, skal vera lögráða og hafa lögheimili hér á landi og forræði á búi sínu eða félag eða annar lögaðili sem á heimili hér á landi.

Ritstjóri blaðs eða tímarits skal vera lögráða og hafa lögheimili hér á landi og forræði á búi sínu.

Ef ópersónulegur aðili er einn útgefandi blaðs eða tímarits, skal ráðinn ritstjóri, er fullnægi skilyrðum 2. málsg. r.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varðar sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

IV. kafli. Dreifing rita.

11. gr. að viðbættum breyt. skv. frv.

Hverjum manni eða ópersónulegum aðila, sem á heimili hér á landi, er rétt sjálfum eða með aðstoð annarra að annast sölu eða dreifingu rits með öðrum hætti.

Lög um prentrétt.

10. gr. að viðbættum breyt. skv. frv. og með brtt. XXX.

Útgefandi blaðs eða tímarits, sem er gefið út hér á landi, skal vera lögráða og hafa lögheimili hér á landi og forræði á búi sínu eða félag eða annar lögaðili sem á heimili hér á landi.

Ritstjóri blaðs eða tímarits skal vera lögráða og hafa lögheimili hér á landi og forræði á búi sínu.

Ef ópersónulegur aðili er einn útgefandi blaðs eða tímarits, skal ráðinn ritstjóri, er fullnægi skilyrðum 2. málsg.

Ríkisborgarar í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og lögaðilar með heimili í sömu ríkjum skulu vera undanþegnir skilyrði um heimili, skv. nánari reglum sem ráðherra setur.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varðar sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

IV. kafli. Dreifing rita.

11. gr. að viðbættum breyt. skv. frv. og með brtt. XXX.

Hverjum manni eða ópersónulegum aðila, sem á heimili hér á landi, er rétt sjálfum eða með aðstoð annarra að annast sölu eða dreifingu rits með öðrum hætti. Ríkisborgarar í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og ópersónulegir aðilar með heimili í sömu ríkjum skulu og hafa þann rétt, skv. nánari reglum sem ráðherra setur.

Lög um fasteigna- og skipasala.

2. gr., síðast breytt með lögum nr. 23/1991.

Hver maður getur fengið löggildingu skv. 1. gr. ef hann:

1. hefur íslenskan ríkisborgararétt. Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfelldt í a.m.k eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang.
2. er heimilisfastur hér á landi,
3. er fjárráða og hefur forræði á búi sínu,
4. hefur staðist próf skv. ákvæðum er dómsmálaráðuneytið setur með reglugerð,
5. leggur fram tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar og tjóns, sem viðskiptamenn viðkomandi kunna að verða fyrir af hans völdum, sem dómsmálaráðuneytið ákveður.

Undanþegnir prófi skv. 4. tölul. 1. mgr. eru hæstaréttar- og héraðsdómslögmennt.

Heimilt er að sýnja manni um löggildingu ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Lög um fasteigna- og skipasala.**2. gr. að viðbættum breyt. skv. frv.**

Hver maður getur fengið löggildingu skv. 1. gr. ef hann:

1.
2. er heimilisfastur hér á landi,
3. er fjárráða og hefur forræði á búi sínu,
4. hefur staðist próf skv. ákvæðum er dómsmálaráðherra setur með reglugerð,
5. leggur fram tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar og tjóns, sem viðskiptamenn viðkomandi kunna að verða fyrir af hans völdum, sem dómsmálaráðuneytið ákveður.

Undanþegnir prófi skv. 4. tölul. 1. mgr. eru hæstaréttar- og héraðsdómslögmennt.

Í reglugerð, sem dómsmálaráðherra setur um prófraun skv. 4. tölul. 1. mgr., er einnig heimilt að kveða á um undanþágu frá henni að hluta eða með öllu handa þeim sem hafa fengið leyfi eða heimild til að starfa við fasteigna- eða skipasölu eða málflutning í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Heimilt er að synja manni um löggildingu ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Lög um fasteigna- og skipasala:

2. gr. að viðbættum breyt. skv. frv. og með brtt. XXX.

Hver maður getur fengið löggildingu skv. 1. gr. ef hann:

1.
2. er heimilisfastur hér á landi. Ríkisborgarar í aðildar-
ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins skulu þó vera undanþegnir
skilyrði þessu, skv. nánari reglum sem ráðherra setur.
3. er fjárráða og hefur forræði á búi sínu,
4. hefur staðist próf skv. ákvæðum er dómsmálaráðherra setur
með reglugerð,
5. leggur fram tryggingu, fyrir greiðslu kostnaðar og tjóns, sem
viðskiptamenn viðkomandi kunna að verða fyrir af hans
völdum, sem dómsmálaráðuneytið ákveður.

Undanþegnir prófi skv. 4. tölul. 1. mgr. eru hæstaréttar-
og héraðsdómslögmennt.

Í reglugerð, sem dómsmálaráðherra setur um prófraun skv. 4.
tölul. 1. mgr., er einnig heimilt að kveða á um undanþágu frá
henni að hluta eða með öllu handa þeim sem hafa fengið leyfi eða
heimild til að starfa við fasteigna- eða skipasölu eða málflutn-
ing í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Heimilt er að synja manni um löggildingu ef ákvæði 2. mgr.
68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.